

Genís hf.
Pósthólf 57
580 Siglufjörður

Reykjavík, 11.8.2023
UST202302-167/S.K.
11.18.03

Efni: Reglubundið eftirlit þann 22. maí 2023 – Genís, Aðalgötu 34, Siglufirði

Þann 22. maí sl. fór fram eftirlit hjá Genís, Siglufirði. Í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu er varða:

Umhverfisstofnun minnir á að leyfishafa ber að tilkynna til Umhverfisstofnunar þegar starfssemi með erfðabreyttar örverur hefst á ný.

Eitt frávík kom fram er varða:

Gr. 1.4 í leyfi Genís. Í leyfi Genís kemur fram að tilkynna þurfi Umhverfisstofnun ef starfssemi með erfðabreyttar örverur er hætt tímabundið með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um tímabundna stöðvun á síðasta ári.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 32. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 1. september n.k..

Virðingarfyllst,

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur